

REGLUR O.FL. Í B - LIÐA KEPPNI

- Leikkluþka:** Sama leikkluþka er fyrir báða velli. Liðið sem talið er upp á undan byrjar leikinn.
- ATHUGIÐ VEL:** Þar sem leiktími er aldrei stöðvaður er ætlast til þess að þjálfarar/liðstjórar sækji meiddann leikmann og færi hann utan leikvallar og setji annan leikmann inn á, þegar leikurinn er í gangi. Ekki er ætlast til þess að dómari stöðvi leikinn nema að um markvörð sé að ræða.
- Leiktími:** 1 x 18 mín. Liðin sem spila um fyrstu 4 sætin spila 6 leiki, önnur lið leika 5 leiki.
- Fjöldi leikmanna:** 7 útileikmenn + markvörður
- Vallarstærð:** Leikið er á hálfum velli (50 - 64 m.) á stór mörk. **Völlur 1 er fjær inngangi.**
- Reglur:** **Engin rangstaða.**
Markvörður **má ekki** taka knött upp eftir sendingu frá samherja.
Vítateigur er 8 x 8 m. og er afmarkaður með gulum hornum/litlum línunum.
Vítaspyrna er þ.a.l. tekin utan vítateigs (11 m. frá marki)
Að öðru leyti er leikið eftir 7 manna reglum KSÍ.
- Tími milli leikja:** Nákvæmlega 2 mín. eru gefnar á milli leikja.
Mikilvægt er því að þjálfarar/liðstjórar hafi lið sín tilbúin á tilsettum tíma. Ef lið eru ekki tilbúin þá hefst leikur um leið og bæði lið eru tilbúin og missa liðin þ.a.l. hluta af leiktíma.
- Leikmannaskipti:** Skiptingar á leikmönnum eru frjálssar. Gætið þess þó við leikmannaskipti að leikmenn sem skipta hafi ekki báðir áhrif á leikinn samtímis.
GÓÐ REGLAÐ LÁTA LEIKMENNINA GEFA "FIVE" ÞEGAR ÞEIR SKIPTA..
- Hliðarlínan:** **Aðeins þjálfari** og einn liðstjóri má vera á hliðarlínu leikvallar. Áhorfendur skulu vera á bekkjum við endalínu
- Keppnisfyrirkomulag:** Leikið er í tveimur riðlum. Tvö efstu lið riðlanna leika krossspil; sigurvegarar þeirra leikja spila um 1. sætið, tapliðin spila um 3. sætið.
Liðin sem lenda í 3. - 5. sæti í riðlunum leika úrslitaleik um sæti. Liðið í 3. Sæti í A - riðli leikur gegn liðinu í 3. Sæti í B - riðli um 5. Sætið o.s.frv.
- Verði lið jöfn að stigum:** Verði lið jöfn að stigum í riðlakeppninni gilda eftirfarandi reglur um röð liða:
o Markamismunur
o Ef markamunur er jafn, þá telst það lið ofar sem hefur skorað fleiri mörk.
o Innbyrðisviðureign
o Ef enn er jafnt þurkast árangur gegn lakasta liðinu út og reiknað út að nýju (sbr. að ofan)og svo þurkast árangur gegn næst neðsta liðinu o.s.frv. Hlutkesti er lokaúrræði.
- Jafnt í krosspili / úrslitaleik:** Ef jafnt er að loknum venjulegum leiktíma telst það lið sigurvegari sem skoraði á undan markið í "jöfnunarstöðunni".
Dæmi: Ef leikur Liverpool og Arsenal fer 2 - 2 þá telst það lið sigurvegari sem komst í 2 - 1.
Ef leikurinn fer 0 - 0 sigrar það lið sem betri árangri (sæti í riðli, ekki stigafjöldi) náði í riðlakeppninni (á einungis við í KROSSSPILI).
Ef úrslitaleikir um 1. og 3. sætið enda 0 - 0 skal leika 1 x 5 mín. framlengingu eða þar til mark er skorað (GULLMARK). Verði enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. 3 spyrnur á lið.
Ef úrslit fást ekki úr því fer fram bráðabani.
EKKI skal framlengt í leikjum um sæti 5. - 10. Ef jafnt er, deila liðin sætunum.
- Verðlaunaafhending:** Að móttinu loknu er þjálfarar/liðstjórar beðnir um að raða liðum sínum upp í raðir við vítateig. Sigurvegarar mótsins fá bikar og verðlaunapening. 2. Sæti = Silfur, 3. Sæti = Brons
- Pizzuveisla:** Að lokinni verðlaunaafhendingu verður boðið upp á pizzu og gos.
Pizzurnar verða afgreiddar við vellina.
- Hreinsið opin sár:** Þjálfurum/liðstjórum er bent á að láta leikmenn sína sóttgreinsa opin sár, ef leikmenn verða fyrir slíku. Hægt er að senda leikmanninn í afgreiðsluna þar sem sóttgreinsibúnaður er til staðar.
- Þátttökugjald:** Þátttökugjald er 1300 kr. á haus sem greiðist í sjoppunni.
Gera þarf upp mótsgjaldið strax við komu til að hægt sé að staðfesta fjölda v/pizzuveislu.



**VERUM SAMSTÍGA Í ÞVÍ AÐ Hafa DAGINN SEM ÁNÆGULEGASTAN
LEIKGLEÐINA Í 1. SÆTIÐ !!**

